

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 168/2011 um skilyrði og kröfur vegna útgáfu heilbrigðisvottorða við markaðssetningu lagareldisdýra, afurða þeirra og innflutning þeirra inn á EES-svæðið og um skrá yfir tegundir smitferja.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 1. maí 2010, öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1252/2008, um undanþágu frá reglugerð (EB) nr. 1251/2008 og um tímabundna stöðvun innflutnings á sendingum með tilteknun lagareldisdýrum frá Malasíu til Bandalagsins.

2. gr.

Ofangreind reglugerð framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 93/1995, um matvæli, lög nr. 55/1998, um sjávarafurðir, lög nr. 71/2008, um fiskeldi, lög nr. 54/1990, um innflutning dýra, lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lög nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum, nema annað sé ákveðið samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

4. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum eða fangelsi. Um þvingunarúrræði og viðurlög vísast til laga nr. 93/1995, um matvæli, laga nr. 55/1998, um sjávarafurðir, laga nr. 71/2008, um fiskeldi, laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og laga nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 55/1998, um sjávarafurðir, lögum nr. 71/2008, um fiskeldi, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lögum nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 18. febrúar 2013.

F. h. r.
Halldór Runólfsson.

Baldur P. Erlingsson.

Fylgiskjal.**Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1252/2008****frá 12. desember 2008****um undanþágu frá reglugerð (EB) nr. 1251/2008 og um tímabundna stöðvun innflutnings á sendingum með tilteknum lagareldisdýrum frá Malasíu til Bandalagsins****(Texti sem varðar EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ⁽¹⁾, einkum a-lið 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2006/88/EB er mælt fyrir um þær dýraheilbrigðiskröfur sem skulu gilda um setningu lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og um innflutning og umflutning þeirra gegnum Bandalagið. Í tilskipuninni er kveðið á um að aðildarríkin skuli sjá til þess að lagareldisdýr og afurðir þeirra séu einungis flutt inn í Bandalagið frá þriðju löndum eða hlutum þriðju landa sem er að finna í skrá sem er samin í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar.
- 2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/858/EB frá 21. nóvember 2003 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og útgáfu heilbrigðisvottorðs vegna innflutnings á lifandi fiski, hrögnum og svilum til eldis, auk lifandi eldisfisks og afurða af honum til manneldis⁽²⁾ eru tilgreind þau yfirráðasvæði þaðan sem innflutningur til Bandalagsins á tilteknum tegundum af lifandi fiski, eggjum þeirra og svilum er leyfður.
- 3) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/656/EB frá 20. september 2006 um skilyrði á svíði heilbrigðis dýra og útgáfu dýraheilbrigðisvottorðs vegna innflutnings á skrautfiskum⁽³⁾ eru tilgreind þau yfirráðasvæði þaðan sem innflutningur til Bandalagsins á tilteknum skrautfiskum er leyfður.
- 4) Niðurstöður úr eftirlitsvitjun Bandalagsins til Malasíu hafa leitt í ljós alvarlega annmarka í öllu framleiðsluferlinu að því er varðar lagareldisdýr og skrautfiska. Þessir annmarkar eru líklegir til að leiða til útbreiðslu sjúkdóma og stofna þannig heilbrigði dýra í Bandalaginu í alvarlega hættu.
- 5) Af þessum annmörkum leiddi að með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/641/EB um undanþágu frá ákvörðunum 2003/858/EB og 2006/656/EB og um tímabundna stöðvun innflutnings á sendingum með tilteknum, lifandi fiskum og tilteknum lagareldisafurðum frá Malasíu til Bandalagsins⁽⁴⁾ var innflutningur frá Malasíu stöðvaður tímabundið að því er varðar lifandi fiska af ættinni *Cyprinidae*, egg þeirra og svil sem eru ætluð til eldis, lifandi fiska af ættinni *Cyprinidae*, egg þeirra og svil til endurnýjunar stofna í sleppivötnum svo og að því er varðar tiltekna skrautfiska sem tilheyra sömu ætt.

⁽¹⁾ Stjóri. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

⁽²⁾ Stjóri. ESB L 324, 11.12.2003, bls. 37.

⁽³⁾ Stjóri. ESB L 271, 30.9.2006, bls. 71.

⁽⁴⁾ Stjóri. ESB L 207, 5.8.2008, bls. 34.

- 6) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 frá 12. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar skilyrði og kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorða við setningu lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og innflutning þeirra í Bandalagið og um skrá yfir tegundir smitferja⁽¹⁾ fellir úr gildi ákvarðanir 2003/858/EB og 2006/656/EB frá og með 1. janúar 2009.
- 7) Í III. viðauka við þá reglugerð er skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem innflutningur er leyfður á lagareldisdýrum sem ætluð eru til eldis, í sleppivötn og í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr, og á skrautfiskum sem eru smitnæmir fyrir einum eða fleiri þeirra sjúkdóma sem tilgreindir eru í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB og ætlaðir eru í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr.
- 8) Malasía er í þeirri skrá sem þriðja land þaðan sem innflutningur til Bandalagsins á fiskum af ættinni *Cyprinidae* er leyfður svo og á fisktegundum sem eru smitnæmar fyrir húðsveppadrepi skv. II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB og ætlaðar í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr. Reglugerð (EB) nr. 1251/2008 á að gilda frá og með 1. janúar 2009.
- 9) Þær aðstæður sem leiddu til þess að ákvörðun 2008/641/EB var samþykkt eru enn fyrir hendi. Því er rétt að veita með þessari reglugerð undanþágu frá samsvarandi ákvæðum sem varða Malasíu og mælt er fyrir um í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008. Til að tryggja gagnsæi og samræmi í löggjöf Bandalagsins skal ákvörðun 2008/641/EB felld úr gildi og í stað hennar komi þessi reglugerð.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMPÝKKT REGLUGERÐ PESSA

1. gr.

Prátt fyrir 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1251/2008 skulu aðildarríkin stöðva tímabundið innflutning á sendingum með eftirfarandi fiskum, sem tilheyra ættinni *Cyprinidae*, eggjum þeirra og svilum, frá Malasíu inn á yfirráðasvæði þeirra:

- a) sendingar með lifandi eldisfiskum sem eru ætlaðir til eldis, í sleppivötn og í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr,
- b) ef um er að ræða sendingar með skrautfiskum sem eru ætlaðir í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr: einungis með tegundunum *Carassius auratus*, *Ctenopharyngodon idellus*, *Cyprinus carpio*, *Hypophthalmichthys molitrix*, *Aristichthys nobilis*, *Carassius carassius* og *Tinca tinca* af ættinni *Cyprinidae*.

2. gr.

Allur kostnaður sem stofnað er til við beitingu þessarar reglugerðar skal gjaldfærður á viðtakanda eða fulltrúa hans.

3. gr.

Ákvörðun 2008/641/EB fellur úr gildi frá og með 1. janúar 2009.

⁽¹⁾ Stjórið. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 41.

Nr. 142

18. febrúar 2013

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. janúar 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. desember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. febrúar 2013